

Leikskólinn Núpur

Læsi - hvernig viljum við gera í Núpi?

Verkefnastjóri: Bryndís Baldvinsdóttir

Þátttakendur voru öll börn í leikskólanum og starfsmenn

Bakgrunnur og markmið:

Skólaárið 2016-2017 var Núpur þátttakandi í sameiginlegu þróunarverkefni í læsi á vegum Kópavogsbæjar. Þróunarverkefnið fékk heitið „Læsi er meira en stafastaut“. Markmið okkar var að nýta þróunarverkefnið til að vinna með þá þætti sem tilteknir eru í framtíðarsýn „Stefnu Kópavogs um mál og læsi“ og flétta þá inn í okkar starf. Lögð var áhersla á að auka gæði samveru-og sögustunda með fjölbreyttum leiðum s.s. tjáningu, orðaforða, myndum og ritmáli og aukinni samvinnu við foreldra og stofnanir.

Lýsing á framvindu:

Á skipulagsdegi haustið 2016 var farið í forvinna hvaða óskir og tillögur starfsfólkið hefði um okkar þátttöku í þróunarverkefninu og hvaða áherslur við vildum leggja á í Núpi. Hver starfsmaður skrifaði niður sínar hugmyndir sem síðan voru flokkaðar og niðurstöður teknar saman (sjá fylgiskjal 1). Í framhaldi af því vann faghópurinn úr hugmyndunum hvert framhaldið yrði. Mikil áhersla var lögð á að hver deild útfærði fyrir sig hvaða þarfir deildin hefði og hvað yrði lögð áhersla á að vinna meira með og/eða gera sýnilegt.

- Leggja grunn að bernskulæsi hjá börnum með fjölbreyttum leiðum
- Samvinna við foreldra og stofnanir – lestrarátak / foreldrar lesa heima / erlendir foreldrar hvattir til að lesa á móðurmáli fyrir börnin sín/ bókasafnið lánar bækur fyrir lestrarátak
- Fjölga sögustundum auk þess að fækka börnum í hópum
- Fésbókin – nota hana til að bæta upplýsingaflæði til heimilanna og sem vettvang til málörvunar heima
- Gera bækur aðgengilegar í daglegu starfi
- Að skapa börnum notalega aðstöðu til lestrar
- Að nota fjölbreyttar og hvetjandi leiðir
- Að kynna reglulega það námsefni sem til er fyrir starfsfólki, hvernig það er notað og aðgengi að því.



Aðferðir við öflun gagna:

Skipulagsdagar voru nýttir til fræðslu fyrir starfsfólk, ýmsar smáhugmyndir tengdu efni skólans sem hægt er að vinna með inn á deildum kynntar og aðgengi að því. Boðið var upp á fyrirlestur um samræðulsetur á haustdögum fyrir foreldra og starfsfólk auk þess sem bæklingi þess efnis var dreift á öll heimili. Starfsfólk sótti einnig fyrirlestur á vegum bæjarins um mál og læsi og tók þátt í skólaþingi.



Deildarnar unnu að verkefninu hver á sinn hátt eftir þeim áherslupunktum sem við settum okkur að hausti. Skráningar og ljósmyndir voru helsti þátturinn við öflun gagna og sýna þær glögglega þá mynd sem þróunarverkefnið tók á sig yfir skólaárið. Þær voru svo nýttar til að útbúa kynningarmyndband sem var sett í loftið á degi leikskólans í febrúar.

Áhersla var lögð á að foreldrar fengju upplýsingar um framgang og yrðu fengin í lið með okkur til að efla frásagnir og samræðu um daglegt starf heima og þannig styðja við orðaforðanám. Til þess voru notaðar myndir úr daglegu starfi sem settar voru á lokaða hópa á fésbók og örpóstar sendir til foreldra með

fróðeiksmolum en var það hugsað til að styðja við foreldra um hvernig við eflum málþroska og bættum orðaforða og tjáningu barna með lestri. Einnig var farið í lestrarátak í samvinnu við foreldra og bókasafnið, hið fyrra að sumri 2016 og seinna í feb/mars 2017.

Á eldri deildum voru þau orð sem unnið var með hengd upp á miðum fyrir framan deildar ásamt þeim bókum sem voru lesnar á degi hverjum til þess að foreldrar hefðu upplýsingar um það.

Afmælisbarni dagsins á yngri gangi er boðið að koma með bók að heiman eða velja bók/loðtöflusögu sem er lesin í samverunni fyrir mat og afmælisbarni dagsins á eldri gangi velur bók fyrir bókabíó en þá er bókinni varpað upp á vegg og það er mjög vinsælt.



Niðurstöður og mat:

Við fengum foreldra og starfsfólk til að meta ferlið með okkur og var almenn ánægja var með þátttöku okkar. Í mati starfsfólks kom fram að allar deildar höfðu tileinkað sér einhverjar nýjungar og notað fjölbreyttar leiðir og námsefni s.s. loðtöflusögur, tússtöflur til málörvunar og sögugerðar, vináttuverkefni Barnaheilla (Blæ), samræðulestur, spil, brúður, gera skriffæri aðgengileg og superduper-kassa. Ein skemmtileg nýjung á annari eldri deildinni var vinna með skjávarpa en hann var notaður til að vinna með raunveruleg dæmi frá börnunum, grípa hugmyndir þeirra af einhverju sem þau hafa sérlegan áhuga á, sýna myndbönd, myndir, fá umræðu og fræðast þannig um nýja hluti og læra ný orð.

Börnum var fækkað í sögustundum þannig að hvert barn fékk meira rými. Unnið með sögur, rím, samstöfur, samsett orð, andheiti og samheiti í sögustundum og í gegnum leik. Lögð var áhersla á frásagnir barna, bæði í samverustundum og í daglegu starfi.

Dagskipulag var gert enn sýnilegra en áður hafði verið og það notað markvisst með börnunum á hverjum degi. Útbúið var kynningarmyndband um ferlið hér í Núpi

<https://www.youtube.com/watch?v=1nc2i32LVpE&t=3s>



Í apríl var foreldrum send örstutt könnun um þróunarverkefnið, hvernig þátttaka leikskólans birtist foreldrum og aðkomu foreldra að lestrarátakinu. Svör bárust frá 62% foreldra.

73% svarenda voru meðvituð um að leikskólinn væri þátttakandi í þróunarverkefninu og nefndu m.a. í því samhengi lestrarátakið, aukin orðaforða barns, orðskýringar hengdar á vegg, samskipti við kennara, aukin áhugi barna á rituðu máli og upplýsingar frá leikskólanum. Helmingur svarenda (50%) hafði nýtt sér þær aðferðir sem kynntar voru í bæklingi um samræðulestur og 90% tóku þátt í lestrarátakinu í febrúar. Það helsta sem kom á óvart var hversu margir foreldrar vissu ekki um eða höfðu ekki skoðaða kynningarmyndbandið sem við gerðum og settum í loftið á degi leikskólans þrátt fyrir að það hafi verið birt á heimasíðu leikskólans og á „like-síðu“ leikskólans (Facebook). Jafnframt

fengum við fullt af góðum ábendingum og virðist lestrarátakið hafa haft mjög jákvæð og hvetjandi áhrif á heimilin.

Lokaorð:

Það var virkilega gaman að taka þátt í þessu þróunarverkefni og ánægjulegt að sjá þann eldmóð sem margir fylltust þegar kom að því að útfæra það sem deildarnar vildu leggja áherslu á.

Mikið af frábæru starfi sem er í gangi í húsinu varð sýnilegt bæði okkur og foreldrum og segja má að allt starfsfólk í húsinu hafi orðið meðvitaðra um það mikla nám í mál og læsi sem á sér stað í daglegu starfi og hvar tækifærin liggja til að kveikja löngun barna til að fræðast og læra meira.



Hugmyndavinna vegna Læsisverkefnis

Fylgiskjal 1

Niðurstöður frá starfsdegi 7.okt 2016

Bóklestur / sögur	Orðaforði	Ritmál	Söngur	Frásagnir	Foreldrar
Lesið mikið, vera vel undirbúin, vera með sögur í hugmynda-bankanum sínum	Lesið mikið	Sýnilegt ritmál	Syngja og klappa með hryn	Segja frá e-u úr daglegu lífi	Setja tækin upp í hendurnar á þeim
Orðaspjall- lesið sömu bókina aftur og aftur	Orðmyndaveggur	Merkingar með ritmáli einnig		Veðurfræðingur?	Auka virðingu fyrir okkar aðferðum
Gefa sér nægan tíma til að útskýra hvað orðin þýða, þolinmæði	Auka við orðaforða gegnum söng/söngtexta	Hafa blöð og skriffæri sem ýtarefni í leik á sem flestum leiksvæðum	Kenna hugtök og bæta við orðaforða gegnum söngtexta	Póstkassi ; bréf að heiman sem einungis eigandinn veit hvað stendur í og segja frá	Virkja heimilin til samvinnu, að þau skilji mikilvægi þessa. Kynna mál og læsi fyrir foreldrum
Rifja upp það sem var lesið í gær/síðast	Orð dagsins	Box með stöfum og hlutum. Ræða hvað þeir/þau segja	Lög vikunnar: t.d. hengja upp, hafa myndir, ræða myndir og orða sem koma fyrir	Leikrit	Hvetja foreldra til lesturs heima og tala saman.
Sögupokar: Segja sögur	Orðaspjall	Box með stöfum, nöfnum barna og kassi með blöðum, ritföngum og skærum. Barnið getur hermt eftir			Rifja upp heima atburði dagsins. Leiksk. notar fésbókarsíður deilda til að miðla uppl.
Útilestur og tengja sögu og myndir við umhverfið	Setja orð á allar daglegar athafni	Stafakubbar			
Lesið ljóðabækur, leika með orðin	Rímleikir – klappa atkvæði	Bókagerð		Meistarar (elsti árgangurinn)	Starfsfólk
	Samheiti-andheiti			Sérverkefni t.d. vinna með orðflokka, orðaforða	Vera virkur starfsmaður
	Taka orð í sundur og setja saman			Bibbulabba-verkefni	Orðalaus dagur
	Lestraráttak - bókalest				
	Vinna með orðaforða tvítýngdra barna				
	Hugsanablaðra: efla hugmyndaflug, loka augunum og búa til sögu t.d. við tónlist				

